



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 28. janúar 2009

Ákvörðun nr. 2/2009

### **Samruni Nýja Kaupþings banka hf. og Exista Properties ehf. og kaup á tilteknum fasteignum Landic Íslands ehf.**

Þann 16. janúar sl. barst Samkeppniseftirlitinu styttri tilkynning vegna samruna Nýja Kaupþings banka hf. (hér eftir Nýji Kaupþing) og Exista Properties ehf. (hér eftir EP) og kaupa á tilteknum fasteignum Landic Íslands ehf. í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Nýji Kaupþing er fjármálafyrirtæki og starfar eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. EP er fasteignafélag sem starfar á markaði fyrir útleigu atvinnuhúsnaðis. Fyrirtækin starfa því ekki á sama markaði.

Í samrunaskránni kemur fram að með kaupsamningi, dags. 30. september 2008, hafi Kaupþing banki hf. (hér eftir gamli Kaupþing) keypt allt hlutfé Exista hf. í EP. Þá hafi þann 2. október sl. verið skrifað undir samning um kaup gamla Kaupþings og Sætúns 8 ehf. á tilteknum fasteignum í eigu Landic Íslands ehf. Að lokum segir að eignarhlutur gamla Kaupþings í EP og framangreindar fasteignir hafi verið framseldar til Nýja Kaupþings í október 2008.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 30. september 2008, keypti Kaupþing banki hf. allt hlutfé Exista Properties ehf. Með kaupsamningi, dags. 2. október 2008, keypti Kaupþing banki hf. og Sætún 8 ehf. tilteknar fasteignir í eigu Landic Íslands ehf. Eignarhlutur Kaupþings banka hf. í Exista Properties ehf. og framangreindar fasteignir voru framseldar til Nýja Kaupþings banka hf. í október 2008. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson